

## **Stofnanasamningur**

### **1. gr. Gildissvið**

Hagstofa Íslands, FHSS, FÍF, KVH og Fræðagarður gera með sér eftirfarandi stofnanasamning samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Samningurinn nær hvorki til starfsnema né til þeirra sem eru í tímabundnum rannsóknaverkefnum.

### **2. gr. Markmið**

Markmið samnings þessa er að styðja við launastefnu Hagstofu Íslands, sem liggur fyrir, en yfirmarkmið hennar er að stuðla að innra og ytra jafnvægi í launamálum. Innra jafnvægið er með það að markmiði að sambærileg laun séu greidd fyrir sambærilegt starf og jafnframt sé tekið tillit til árangurs og framþróunar einstaklinga í starfi. Ytra jafnvægi miðar að því að Hagstofan sé samkeppnisfær um að ráða og halda hæfu starfsfólk. Einnig stuðli samningurinn að því að umbuna þeim starfsmönnum sem standa sig vel og styðji við eðlilegan framgang í starfi.

### **3. gr. Grunnröðun**

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu, ábyrgð og umfang verkefna. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti er vísireglar gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Nýráðinn sérfræðingur	Starfsmaður sem vinnur í framleiðslu- eða stoðferlum hagskýrslugerðar á Hagstofunni í starfi sem krefst háskólamenntunar og hefur unnið skemur en tvö ár á Hagstofu Íslands. Nýráðinn sérfraðingur ber faglega ábyrgð á sínu sérsviði og sýnir forystu um framþróun þess.	10
Sérfræðingur	Starfsmaður sem vinnur í framleiðslu- eða stoðferlum hagskýrslugerðar á Hagstofunni í starfi sem krefst háskólamenntunar. Sérfræðingur ber faglega ábyrgð á sínu sérsviði og sýnir forystu um framþróun þess.	11

FAL sm  
JMS ÁSK  
EBKJ ÓAV

Fagstjóri	Fremsti sérfræðingur Hagstofunnar í málaflokki sem hann hefur faglega forystu um. Fagstjóri leiðir framþróun málaflokksins innan Hagstofunnar og hefur faglega umsjón með öðrum sérfræðingum sem vinna við málaflokkinn.	14
Millistjórnandi	Starfsmaðurinn leiðir starfsemi deildar innan Hagstofunnar og fer með mannaforráð þeirra sem í deildinni starfa með ábyrgð gagnvart yfirstjórnanda.	17
Yfirstjórnandi	Starfsmaðurinn situr í yfirstjórn Hagstofunnar og leiðir starfsemi heillar skipulagseiningar innan Hagstofunnar með ábyrgð gagnvart hagstofustjóra.	19

Sé tekin sú ákvörðun að búa til nýtt starfsheiti ber að kynna það fyrir samstarfsnefnd.

Samstarfsnefnd leggur til grunnröðun starfheitisins.

Grunnröðun starfs í ofangreinda launaflokka er lágmarksröðun og geta störf raðast hærra með hliðsjón af hæfniskörfum til starfsins og því hvernig starfsmaður uppfyllir þær.

Ef gerð er nauðsynleg krafa um viðbótarmenntun umfram fyrstu háskólagráðu (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

- Diploma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 ECTS) = 1 launaflokkur
- Meistaragráða (90- 120 ECTS) = 2 launaflokkar
- Doktorsgráða (180 ECTS) = 3 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám sem lokið er með gráðu skal metið með sambærilegum hætti.

#### 4. gr.

##### Persónubundnir þættir og starfsreynsla

Meta skal persónubundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag er varanlegt enda umbun fyrir til dæmis kunnáttu, reynslu eða sérstaka hæfni viðkomandi starfsmanns. Hafi starfsmaður áunnið sér fleiri en 8 álagsþrep færst hann í næstu launatölu næsta launaflokkus fyrir ofan.

##### 4.1. Starfsreynsla

Við upphaf starfs hjá stofnuninni er heimilt að meta starfsreynslu annars staðar frá sem nýtist í starfi. Metin starfsreynsla skal þá metin til álags eins og hún sé fengin úr starfi hjá Hagstofunni.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "FAC", "SM", "AK", "EAP", "KMS", "AO", and "EBI".

Starfsreynsla er metin eftirfarandi:

- |                       |                          |
|-----------------------|--------------------------|
| • Eftir 3 ár í starfi | 1 álagsþrep              |
| • Eftir 5 ár í starfi | 1 álagsþrep til viðbótar |

#### 4.2. Menntun

Við grunnröðun bætast álagsþrep vegna starfstengdrar viðbótarmenntunar. Styttra formlegt nám sem lokið er með gráðu skal metið með sambærilegum hætti.

- |                                   |             |
|-----------------------------------|-------------|
| • Diplomagráða (60 ECTS einingar) | 2 álagsþrep |
| • Meistaragráða                   | 4 álagsþrep |
| • Doktorsgráða                    | 6 álagsþrep |

#### 4.3. Stjórnunarálag

- |                                     |             |
|-------------------------------------|-------------|
| • Fyrir stjórnendur með mannaforráð | 1 álagsþrep |
|-------------------------------------|-------------|

Samspil persónubundinna þátta og grunnröðunar (3 gr.) hvað menntun varðar er útlistað í fylgiskjali 1.

### 5. gr.

#### Tímabundnir þættir

Fyrir frammistöðu í starfi, svo sem árangur, afköst, áhuga og frumkvæði, hæfni til að vinna undir á lagi, getu til að ganga í störf annarra og gæði starfa samkvæmt mati deildarstjóra og eða sviðstjóra skal umbunað með eingreiðslum tvisvar á ári, í apríl og október. Frammistaða starfsmanns skal vera umfram þær kröfur sem gerðar eru til hans samkvæmt starfslýsingu. Einnig er kostur á að umbuna með eingreiðslu fyrir greinaskrif og rannsóknir starfsmanna sem birtar eru opinberlega. Heimilt er að umbuna sérstaklega fyrir trúnaðarstörf stofnunarinnar ef álag hefur verið mikið. Árangurstengdar launabreytingar sem tilgreindar eru í launastefnu Hagstofunnar skulu ekki skiptast jafnt milli sviða heldur eftir á lagi, árangri, afköstum og innleiðingu breytinga eða nýrra verkefna.

### 6. gr.

#### Árangurstengdar launabreytingar

Launabreytingar á grunnröðun launa eru gerðar á grundvelli launastefnu Hagstofunnar og þeirra fjármuna sem Hagstofan hefur til ráðstöfunar til slíkra hækkan. Grunneiningar í slíkum hækjunum eru launaflokkar. Við framkvæmd slíkra hækkanar er sérstaklega horft til:

- Árangurs við stjórnun
- Árangurs við innleiðingu nýrra verkefna
- Árangurs við að auka framleiðni og hagræðingu

Launabreytingum skal ávallt fylgja rökstuðningur líkt og kveðið er á um í launastefnu Hagstofunnar og er framkvæmd þess skýrð þar.

**7. gr.  
Starfsmannasamtöl – frammistöðumat**

Starfsmannasamtöl skulu vera árlega og skulu þau á kerfisbundinn hátt fjalla um starfslýsingu, líðan í starfi, frammistöðu í starfi, starfsþróun og þörf fyrir fræðslu. Haga þarf niðurstöðum starfsmannasamtala þannig að þær nýtist til að meta starfstengdan árangur.

**8. gr.  
Vinnutími**

Á Hagstofu Íslands er sveigjanlegur vinnutími. Sveigjanleiki þessi er gagnkvæmur þar sem stofnunin sýnir starfsmönnum sveigjanleika þegar þeir þess þurfa og starfsmenn stofnuninni þegar verkefni hennar krefjast þess. Nánar er kveðið á um útfærslu sveigjanlegs vinnutíma í viðverustefnu Hagstofu Íslands.

**9. gr.  
Samstarfsnefnd**

Ábyrgð á framkvæmd samningsins er á höndum samstarfsnefndar, nefndin skal hittast að minnsta kosti tvívar á ári, í apríl og október. Starfsmannastjóri skal boða til fundar með viku fyrirvara og senda um leið allar upplýsingar um launabreytingar hjá starfsmönnum sem samningurinn nær til.

- Nefndina skipa hagstofustjóri og starfsmannastjóri fyrir hönd Hagstofunnar og trúnaðarmenn þeirra stéttarfélaga sem aðild eiga að samningnum.
- Nefndin skal starfa undir trúnaði en birta fundargerðir þar sem fram kemur lýsandi tölfraði um frammistöðutengdar greiðslur og árangurtengdar launabreytingar.

**10. gr.  
Endurskoðun**

Samstarfsnefndin skal með reglubundnum hætti endurskoða samninginn og í hvert sinn sem fjármunum sem nema að lágmarki 1% launa þeirra sem samningurinn nær til er úthlutað til framkvæmdar hans.

**11. gr.  
Gildistími**

Samningurinn gildir frá 1. júní, 2016 og í 2 ár frá undirritun og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara eftir það. Með undirritun þessa samnings falla eldri samningar úr gildi.

SM FAK  
Að K KY'S  
ÓAP FBK

Reykjavík, 10. febrúar 2017

f. h. Hagstofu Íslands

Ólafur A. Þórður

Einar Björn Krunason

Hólmur Ólafur Karsen

f. h. Félags háskólamenntaðra starfsmanna  
stjórnarráðsins

Jóhann H. Þórður

f. h. Félags íslenskra félagsvísindamanna

Talastein Ágúst Þórður

f. h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Sigrún Ólafur

f. h. Fræðagarðs

## Bókun 1

Í 5. grein úrskurðar gerðardóms um kjaradeilu 18 stéttarfélaga BHM annars vegar og fjármál- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar er að finna nánari útlistun á því hvernig meta skuli menntun í stofnana samningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttar var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut félagsdóms að leysa úr þessum ágreining. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnana samningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016.

Aðilar samningsins samþykkja stofnana samninginn með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, muni samstarfsnefnd aðila koma saman og fjalla um hvernig bregðast skuli við breyttum forsendum.

## Fylgiskjal 1

Lágmarkskrafa	Framhaldsmenntun	Nýtist í starfi	Á fagsviði	Launaflokkur	Prep
BA/BS	Diplóma	Já	Já	x	2 prep
BA/BS	Diplóma	Nei	Nei	x	
BA/BS	Diplóma	Já	Nei	x	
BA/BS	Diplóma	Nei	Já	x	
BA/BS	Meistaragráða	Já	Já	x	4 prep
BA/BS	Meistaragráða	Nei	Nei	x	
BA/BS	Meistaragráða	Já	Nei	x	
BA/BS	Meistaragráða	Nei	Já	x	
BA/BS	Doktorsgráða	Já	Já	x	6 prep
BA/BS	Doktorsgráða	Nei	Nei	x	
BA/BS	Doktorsgráða	Já	Nei	x	
BA/BS	Doktorsgráða	Nei	Já	x	
BA/BS + diploma	Diplóma	Já	Já	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Diplóma	Nei	Nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Diplóma	Já	Nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Diplóma	Nei	Já	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Meistaragráða	Já	Já	x + 1 lfl	2 prep
BA/BS + diploma	Meistaragráða	Nei	Nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Meistaragráða	Já	Nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Meistaragráða	Nei	Já	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Doktorsgráða	Já	Já	x + 1 lfl	4 prep
BA/BS + diploma	Doktorsgráða	Nei	Nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Doktorsgráða	Já	Nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diploma	Doktorsgráða	Nei	Já	x + 1 lfl	
MA/MS	Diplóma	Já	Já	x + 2 lfl	
MA/MS	Diplóma	Nei	Nei	x + 2 lfl	
MA/MS	Diplóma	Já	Nei	x + 2 lfl	
MA/MS	Diplóma	Nei	Já	x + 2 lfl	
MA/MS	Meistaragráða	Já	Já	x + 2 lfl	
MA/MS	Meistaragráða	Nei	Nei	x + 2 lfl	
MA/MS	Meistaragráða	Já	Nei	x + 2 lfl	
MA/MS	Meistaragráða	Nei	Já	x + 2 lfl	
MA/MS	Doktorsgráða	Já	Já	x + 2 lfl	2 prep
MA/MS	Doktorsgráða	Nei	Nei	x + 2 lfl	
MA/MS	Doktorsgráða	Já	Nei	x + 2 lfl	
MA/MS	Doktorsgráða	Nei	Já	x + 2 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	Já	Já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	Nei	Nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	Já	Nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	Nei	Já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	Já	Já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	Nei	Nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	Já	Nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	Nei	Já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktorsgráða	Já	Já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktorsgráða	Nei	Nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktorsgráða	Já	Nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktorsgráða	Nei	Já	x + 3 lfl	

